



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

**LÖGREGLUSTJÓRINN
Á SUÐURNESJUM
LEIGUHÚSNÆÐI**

SKILAGREIN

JÚLÍ 2010

**LÖGREGLUSTJÓRINN
Á SUÐURNESJUM
LEIGUHÚSNÆÐI**

SKILAGREIN

JÚLÍ 2010



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1 UPPHAF VERKEFNIS	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI	3
4 LEIGUSAMNINGUR	3
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT	4
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR	4
8 VERKLOK	4
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR	4

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði.

1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, nýtt leiguhúsnæði, barst FSR í júlí 2009 þegar Gunnar Björnsson hjá Lögreglustjóranum á Suðurnesjum óskaði eftir aðstoð við gerð húsaleigusamnings fyrir stofnunina eftir ábendingu frá fjármálaráðuneytinu.

Verkefnið fólst í að aðstoða við gerð leigusamningsins og hafa eftirlit með breytingum á húsnæðinu í samræmi við þarfir embættisins.

Búið var að taka ákvörðun um að leigja efri hæð húsnæðisins við Brekkustíg 39 í Reykjanesbæ ásamt 80 fermetra geymslu á neðri hæð. Samkomulag var um að embættið myndi yfirtaka leigusamning milli Fasteignafélags Suðurnesja ehf. og Þjóðskrár sem gerður hafði verið 14. september 2007 en áform voru um að Þjóðskrár yrði flutt til Reykjavíkur.

Verkefnisstjóri hjá FSR á verkefninu var Róbert Jónsson.



Brekkurstígur 39, Reykjanesbæ.

2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

EKKI var gerð húsrýmisáætlun þar sem þegar var búið að ákveða hvaða húsnæði yrði tekið á leigu sbr. hér að framan.

3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

EKKI var auglýst eftir húsnæði sbr. hér að framan.

4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsmann Lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Samningurinn er á milli Fasteignafélags Suðurnesja hf. og Lögreglustjórans á Suðurnesjum. Hann var undirritaður þann 8. ágúst 2009 og staðfestur af dómsmálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti.

Samningurinn er til 10 ára með möguleika á framleigu um allt að 5 ár í senn að leigutíma loknum. Hinn leigði eignahluti er á 2. hæð hússins, samtals 668,2 fermetrar að stærð auk 80 fermetra geymslurýmis á 1. hæð eða alls 748,2 fermetrar. Í samningi var gert ráð fyrir að afhending húsnæðis yrði 1. september 2009.



Aðkoma.

5 TENGILÆDIR OG SAMSKIPTI

Til að annast samskipti milli leigusala og leigjanda, á framkvæmdatíma, voru tilnefndir Sverrir Sverrisson Fasteignafélagi Suðurnesja hf., fyrir hönd leigusala og Róbert Jónsson verkefnastjóri hjá FSR, fyrir hönd leigjanda.

Haldnir voru tveir samráðsfundir á verk-tímanum og síðan var framkvæmd úttekt á verkframkvæmdinni.



Afgreiðsla.

6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

Teiknistofan Örð í Reykjanesbæ sá um hönnun vegna breytinga á húsnæðinu..

Eftirlit með framkvæmdum, fyrir hönd leigusala, annaðist Sverrir Sverrisson, Fasteignafélagi Suðurnesja hf. og fyrir hönd leigjanda önnuðust eftirlit Gunnar Björnsson frá Lög-reglustjóranum á Suðurnesjum og Róbert Jónsson, FSR.

7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Húsnæðið sem tekið var á leigu var í mjög góðu ástandi og þurfti litlu að breyta.

8 VERKLOK

Lögreglustjórnin á Suðurnesjum tók við húsnæðinu þann 1. september 2009.



9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri